

Skýringar á lögum og verklagsreglum stúdentasjóðs

Hver geta sótt um styrki úr Stúdentasjóði?

Allir stúdentar við Háskóla Íslands geta sótt um styrk. Þú getur sótt um í eigin nafni eða fyrir félagið þitt.

Athugaðu samt að eingöngu félög innan háskólans geta fengið styrk og að þau mega ekki vera á vegum Stúdentaráðs. Ef félagið þitt býður fram til stúdentaráðskosninga, getur það ekki fengið styrk nema að afgangur verði af sjóðnum í hverri úthlutun, það er ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

Stjórn sjóðsins tekur síðan endanlega ákvörðun um hverja umsókn fyrir sig, hvort hún sé samþykkt eða henni sé hafnað.

Fyrir hvað er hægt að fá styrki úr Stúdentasjóði?

Stúdentasjóður veitir tvær mismunandi tegundir af styrkjum.

Veittir eru **fastir styrkir** til hagsmuna- og nemendafélaga. Fastir styrkir eru annars vegar *félagsstyrkur* og hins vegar *höfðatölustyrkur*. Hvert félag getur fengið úthlutun af hvorum föstum styrk einu sinni á misseri. Sjóðsstjórn ákvarðar fjárhæð fastra styrkja á fyrsta fundi og er fjárhæðin tekin fram í verklagsreglum Stúdentasjóðs.

Aðrir styrkir eru **sérstyrkir**. Til þess að sækja um sérstyrki þarf að skila inn kvittun til staðfestingar á þeim kostnaði sem sótt er um styrk fyrir. *Athugið að sjóðurinn styrkir ekki viðburði sem gilda til eininga (ects)*. Það eru 6 tegundir sérstyrkja:

1. Ferðastyrkur
2. Útgáfustyrkur
3. Sérstakur verkefnastyrkur
4. Viðburðastyrkur
5. Greiningarstyrkur
6. Framfærslustyrkur

Ef þú ert í einhverjum vafa um hvort þú uppfyllir skilyrðin getur þú samt sent inn umsókn og hún verður tekin til skoðunar af sjóðsstjórn.

Hvenær er úthlutað?

Úthlutanir fara fram tvisvar á hvorri önn, þ.e. fjórum sinnum yfir skólaárið. Nánari tímasetningar úthlutana eru auglýstar af stjórn stúdentasjóðs í tölvupósti til allra stúdenta og á heimasíðu SHÍ. Þá er einnig auglýst hvernig styrkir verða veittir í þeirri úthlutun.

Hvernig eru umsóknarfrestirnir?

Umsóknum sem berast of seint er alltaf vísað frá, en þú getur sent inn aftur þegar næsta úthlutun er auglýst.

Hvernig sækji ég um?

Þegar úthlutun er auglýst fylgir rafrænt umsóknareyðublað með auglýsingunni. Til þess að sækja um þarf að fylla út það eyðublað.

Þarf ég að láta einhver gögn fylgja umsókninni?

Ef þú ert að sækja um styrk fyrir einhvers konar kostnaði verða kvittanir að fylgja umsókninni. Ef kvittunin er í erlendum gjaldmiðli þarftu að finna út hver upphæðin var í íslenskum krónum á þeim degi sem kvittunin var útbúin og tilgreina það í umsókninni.

Þessar viðbótarupplýsingar þurfa einnig að fylgja umsókninni:

- Ef áður hefur verið sótt um styrk af sömu ástæðu eða tilefni þarf það að koma fram
- Ef styrkur hefur fengist annars staðar af sama tilefni eða ástæðu þarf það að koma fram

Með umsóknum um eftirfarandi tegundir styrkja þurfa líka eftirfarandi gögn að fylgja:

- Fastir styrkir til félaga
 - Lög félagsins, ef sótt er um félagsstyrk
 - Félagatal með nöfnum og HÍ netföngum meðlima, ef sótt er um höfðatölustyrk
 - Kvittun fyrir kennitöluskráningu félagsins, ef sótt er um endurgreiðslu á kostnaði við skráningu félagsins
- Ferðastyrkir

- Sýna þarf fram á þátttöku á þeim viðburði sem styrkurinn er veittur til
- Kvittanir fyrir öllum ferðakostnaði
- Útgáfustyrkur
 - Kvittanir fyrir beinum kostnaði
 - Eintak af blaði eða tímariti, má vera rafrænt. Þarf samt ekki ef eintak af blaðinu er ekki til.
- Sérstakur verkefnastyrkur og viðburðastyrkur
 - Kvittun fyrir kostnaði sem sótt er um styrk fyrir
 - Greinargerð um verkefnið eða viðburðinn
- Greiningarstyrkir
 - Kvittun fyrir kostnaði við greiningarferli
- Framfærslustyrkir
 - Dvalarleyfi vegna náms eða gilt örorkumat

Er eitthvað fleira sem ég þarf að vita?

Styrkir eru veittir á grundvelli [laga Stúdentasjóðs](#). Þar kemur allt fram um skilyrði umsóknar, styrkhæfi einstaklinga, félög og úthlutun, þannig að það getur verið mjög gott að lesa þau. Sjóðurinn er líka með [verklagsreglur](#) sem er lykilatriði að kynna sér.

Ekki hika við að senda póst á studentasjodur@hi.is ef þú ert með einhverjar spurningar!